

kærum og kröfum stefnda í þessu máli.—Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er skal ákveðinn 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Emil Strand á að veia sýkn af kærum og kröfum stefnda Páls Snorrasonar í þessu máli. Svo greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir yfirdómi með 50 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögnm.

Nr. 26/1905:

Landlæknir J. Jónassen

gegn

formanni fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík Ólafi Runólfssyni og matsmönnum Helga Zoëga og Ólafi Davíðssyni

D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. apríl þ. á. í matsmáli, þar sem hinir stefndu matsmenn kaupmaður Helgi Zoëga og bankabókari Olafur Davíðsson höfðu eftir beiðni bæjar-

stjórnarinnar í Reykjavík verið dómkvaddir til að meta til peningaverðs lóðarspildu í túni áfryjanda, Útsuðurvelli í Reykjavík, er bæjarstjórnin hafði ákveðið að skyldi tekin lögnámi handa fríkirkjusöfnuðinum til stækkunar kirkju hans í Reykjavík, og var matsmönnum með úrskurðinum lagt fyrir að gjöra nýtt mat á lóðinni »til viðbótar við og við hliðina á hinu þegar gjörða mati.«

Beiðanda matsgjörðarinnar, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefir þó eigi verið stefnt til yfirdómsins við áfryjun þessa og ber því ex officio að frávísa málinu frá yfirdóminum.

Hinir stefndu matsmenn hafa eigi mætt í yfirdóminum, en formanni fríkirkjusafnaðarins, sem hefir látið mæta þar, ber áfryjanda að greiða í kost og tæring 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfryjandinn landlæknir J. Jónassen greiði hinum stefnda formanni fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, Ólafi Runólfssyni í kost og tæring 10 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.